

Alþingi
Erindi nr. P 130/2050
komudagur 21.4.2004



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2004

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt
kvenna og karla (565. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að
veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Frumvarpið felur í sér auknar valdheimildir handa Jafnréttisstofu.
Með þessu er m.a. átt við að Jafnréttisstofa geti fengið í hendurnar
launaseðla fólks, upplýsingar um bifreiðahlunnindi, dagpeninga,
styrki og aðrar greiðslur. Jafnframt á að heimila Jafnréttisstofu að
fara inná starfsstöðvar fyrirtækja til að sækja gögn um einkamálefni
manna.

Samkvæmt lögum um opinberar eftirlitsreglur nr. 27/1999 skal
viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað
þjóðfélagsins af því. Eftirliti verður því ekki komið á nema að
undangengnu mati á þjóðhagslegu gildi þess.

Í 71. gr. stjórnarskrár kemur fram að allir skuli njóta friðhelgi
einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Friðhelgi einkalífs nær einnig til
fyrirtækja. Því má ekki gera leit á manni eða í húsakynnum fyrirtækis
nema nauðsyn beri til vegna réttinda annarra. Samkvæmt
frumvarpinu á að beita þessu úrræði til að vinna gegn svokölluðum
kynbundnum launamun og öðru meintu misrétti kynjanna.
Verslunarráð telur hagsmuni einstaklinga og fyrirtækja af því að
njóta friðhelgi einkalífs meiri en svo að þessi rökstuðningur nægi til
að skerða þann rétt.

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera hefur orðið viðtækari á undanförunum
árum og er eftirlit stundað á flestum ef ekki öllum sviðum
atvinnulífsins. Skuldbindingar Íslands vegna þátttöku á EES knýja á
um að settar séu reglur um tiltekið eftirlit og veita slíkar kröfur oft
svigrúm til vals á milli leiða við eftirlit og gjalda. Mikilvægt er að

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS


eftirlitið sé skilvirkt og að kostnaðurinn við eftirlitið liggi fyrir. Með lögum um eftirlitsstarfsemi var stefnt að því að reikna ávallt út kostnað atvinnulífsins af eftirlitsstarfsemi. Kostnaðurinn af eftirliti er gríðarlegur. Erfitt er að áætla heildarkostnað atvinnulífsins vegna reglna um eftirlit, en ekki er óvarlegt að ætla að beinn kosnaður sé yfir 3 milljarðar. Óbeinn kostnaður er þá ekki meðtalinn, en undir óbeinan kostnað fellur m.a. sú ójafna samkeppnisstaða fyrirtækja sem eftirlit getur skapað milli atvinnugreina. Þetta leiðir til aukins kostnaðar fyrir þjóðfélagið í heild.

Kostnaðurinn af hertu eftirliti Jafnréttisstofu hefur ekki verið reiknaður. Í dag eru stöðugildi hjá Jafnréttisstofu 5 ½ og alveg ljóst að fjölga þyrfti starfsfólki og skipta starfseminni upp í deildir ef stofan ætti að fara með aukið eftirlit. Því er ljóst að kostnaðurinn yrði mjög mikill og að skattgreiðendur þessa lands sem þyrftu að greiða fyrir hverja krónu.

Fyrirtæki keppast við að ráða til sín í vinnu hæfa einstaklinga og auka slíkar valdheimildir sem ofangreint frumvarp felur í sér birgði á fyrirtækjunum í landinu.

Verslunarráð leggst því gegn því að frumvarp þetta nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigbrúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is